

Tillaga um eflingu Garðatorgs og vaxtamöguleika fyrir Hönnunarsafn Íslands

Flutningsmaður Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu til eflingar Hönnunarsafns Íslands og styrkingu þjónustu og menningar á Garðatorgi.

Garðabæjarlistinn leggur til að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1, sem hýsir Hönnunarsafn Íslands og áður matvöruverslunina Víði, með það að leiðarljósi að að aukið rými skapist fyrir Hönnunarsafn Ísland og um leið atvinnutækifæri skapist fyrir kaffihús á Garðatorgi.

Greinargerð

Með því að nýta jarðhæð á fasteigninni sem snýr út að bílastæðum betur, mætti breyta húsnæðinu og skapa tækifæri fyrir kaffihús með mögulegu samstarfi eða tengingu við Hönnunarsafninu. Með nágreanni við hvort annað gætu skapast möguleikar í samstarfi og samlegð sem báðum aðilum væri verðmætt.

Á Garðatorgi er nú þegar fjölbreytt þjónusta og núverandi þjónustuaðilar myndu hagnast af því að þar myndi kaffihús ná að festa rætur. Við sjáum fyrir okkur að með samstarfi við húseigendur að Garðatorgi 1 og í góðu samstarfi við Hönnunarsafn Íslands gæti Garðatorg eflst enn frekar sem þjónustu- og menningarkjarni.

Garðabæjarlistinn telur að Hönnunarsafn Íslands geti leikið lykilhlutverk ásamt kaffihúsi í að efla núverandi verslun og þjónustu á Garðatorgi.